# Jón Gíslason á Húnsstöðum 1808[1]

Anno 1808, þann 13. júní, á Húnsstöðum í Torfalækjarhrepp voru undirskrifaðir komnir að virða og uppskrifa sterfbú Jóns sáluga Gíslasonar, hvör eð burtkallaðist þann 3. desember næstliðinn. Var svo þessum fjármunum fram vísað af hans eftirlifandi ekkju, Steinunni Þórðardóttur, sem fylgir:

| | Rd. | Sk. |
|---|---|---|
| Í bókum | | |
| Vídalíns húspostilla í rotnu bandi | 1 | |
| Graduale í slæmu standi | | 24 |
| Gerhardi hugvekjur í lélegu bandi | | 32 |
| Þórðarbænir, allt dottið úr bandi og rifin blöð | | 4 |
| Miðvikudags prédikanir | | 24 |
| Sjöorðabók magister Jóns Þorkelssonar | | 24 |
| Harmonía í lausu bandi | | 36 |
| Kristindómsbók meistara Jóns, í slæmu standi | | 16 |
| Síðari partur þeirrar íslensku sálmabókar | | 36 |
| Hallgrímssálmar naumast lesandi | | 8 |
| Hugvekjusálmar í sama standi | | 6 |
| Eitt hefti af þeim nýju Tíðindum | | 12 |
| | | |
| Í karlmannsfatnaði | | |
| Sortuð mussuföt borin, með messingarhnöppum | 1 | 16 |
| Ný peysa blá, hnappalaus | 1 | 64 |
| Rauður klæðisbolur með lélegum tinhnöppum | | 48 |
| Röndóttur bolur einhnepptur, úr ulldúk, fóðraður með lérefti | | 80 |
| Grá skinnhúfa með rauðu klæði í kollinum | 1 | |
| Lélegur hattgarmur | | 9 |
| Síðhempugarmur með litlum pörum | | 24 |
| Skyrta gatslitin | | 40 |
| Nærbuxur svartar | | 24 |
| Brjóstadúkur blár einhnepptur, mikið forn | | 24 |
| Sauðsvartir buxnagarmar | | 10 |
| Blár peysugamur með látúnshnöppum | | 20 |
| Ljósblár peysugarmur með fáeinum tinhnöppum | | 16 |
| Forn léreftsklútur bláleitur og hálsskyrtugarmur lélegur | | 24 |
| Sortaðir sokkar brúkaðir | | 14 |
| Fornir vettlingar bláir og bandagarmar og íleppar | | 12 |
| | | |
| Í rúmfatnaði | | |
| Bláröndóttur léreftskoddi með fiðri | | 64 |
| Tveir rekkjuvoðagarmar og brekánsgarmur og pokagarmur lélegur með hér undir | 1 | 10 |
| Annað brekán með tveimur rekkjuvoðagörmum og tveimur gæruskinnum | 1 | |
| Tvö brekán og ein rekkjuvoð | 1 | 64 |
| | | |
| Í kvenfatnaði | | |
| Kvenhempa forn, af vaðmáli | | 72 |

[1] Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu ED2/1. Skiptaskjöl 1804-1812.

| | | |
|---|---|---|
| Blátt klæðispils með grænum sarts brydding[2] | 3 | |
| Blá klæðis svinta með litlum silfurhnappi gylltum og litlu laufi | 1 | 56 |
| Rautt klæðispils með ónýtum bryddingum | 1 | 64 |
| Forn kventreyja með lélegum kraga | | 24 |
| Eitt traf af kattúns lérefti | | 48 |
| Tveir klútar bláir | | 48 |
| Einn ditto bláleitur | | 10 |
| Hálsskyrta og hálfsilki | | 16 |
| Koparbeltispör með flekkóttu bandi | | 36 |
| Traf brúkað | | 32 |
| Tveir klútar, rauðleitur og bláleitur | | 64 |
| Ditto rauðröndóttur léreftsklútur | | 40 |
| Barnaföt, pils og svinta af raski, með litlum silfurhnappi | | 48 |
| Barnshempa forn og léleg | | 26 |
| Unglings kvenkragi og beltispör og styttuband | | 32 |

Í kistum og ílátum

| | | |
|---|---|---|
| Ein vættarkista með skrá og lykli og lömum, þó brotin önnur lömin og rifið lokið | 1 | 24 |
| Ditto önnur með sama slag | 1 | 20 |
| Þriðja ditto, stærri en vættarkista | 1 | |
| Tveggja vætta kista lamalaus, með lélegri skrá og hálf[f]únum botni | 1 | 8 |
| Nýleg kista járnalaus | 1 | 48 |
| Tveir pallkistlar járnalausir, báðir brotnir | | 18 |
| Skrínugarmur með hespu | | 12 |
| Nýlegur tveggja tunnu sár með lélegum gjörðum | 1 | 48 |
| Annar ditto og vantar botngjörðina | 1 | 32 |
| Þriðja ditto, tekur rúmar tvær tunnur og lekur[3] | | 86 |
| Tunnuskrifli á 12 sk.; gamalt strokkskrifli 12 sk. | | 24 |
| Þrjú trog matheld og eitt lakara | | 84 |
| Tvær 10 marka fötur heldar | | 22 |
| Þrír fötugarmar stærri | | 16 |
| Nýtt kerald,[4] tekur þrjá fjórðunga | | 48 |
| Tvö fjórðungs keröld heldin | | 28 |
| Tvö ditto stærri en þó lakari | | 26 |
| Sex askar, allir lélegir | | 36 |
| Skálar af tré, sumar lélegar | | 16 |
| Tvennar öskjur lélegar og 2 ausur | | 16 |
| Tvær hálftunnur nýjar | | 32 |
| Þrjár ditto lakari | | 30 |
| Sex fjórðunga kerald, gamalt og fúið, með loki | | 14 |

Í eldsgögnum

| | | |
|---|---|---|
| Einn tveggja fjórðungapottur heill | 1 | |
| Annar ditto, tekur eins mikið, bættur með tveimur bótum og lélegur | | 60 |

---

[2] Verður helst lesið svo.
[3] Verður helst lesið svo.
[4] Riðað „kjerhald“ hér og víðar, samræmt svona.

| | | |
|---|---|---|
| Einn lítill, tekur hálfan fjórðung | | 40 |
| Upphár pottur, tekur fjórðung, nokkuð brákaður[5] | 1 | |
| | | |
| Í aðskiljanlegu | | |
| Tinfat, vegur 4 pund, 1 rd. og tinkanna brotin 24 sk. | 1 | 24 |
| Reisla með steinlóði, tekur nálæg[t] hálfvætt | | 36 |
| Langviðarsagargarmur | | 10 |
| Taðkláfar brotnir 32 sk.; páll og reka, lélegt 16 sk. | | 48 |
| Þrjár hrífur og eitt orf, lélegt, og tvær klárur 36 sk.; fern bandreipi 1 rd., 16 sk. | 1 | 52 |
| Einir ólarreipagarmar á 12 sk.; heykróksgrey á 2 sk. | | 14 |
| Járn sem vegur 11 pund á 80 sk.; steðji vegur 6 ½ pund 48 sk. | 1 | 32 |
| Tveir hamrar, báðir lélegir, og klaufhamar og töng á 48 sk.; handexi á 24 sk. | | 72 |
| Smiðjubelgur mikið slæmur, með ónýtri blístru | | 16 |
| Grár tínupoki úr ullu á 8 sk.; annar stærri bættur 16 sk. | | 24 |
| Tveir lambsklippingar | | 8 |
| | | |
| Í reiðtygjum | | |
| Hnakkur lélegur með ístöðum og reiða og þófa, beisli og tveimur reiðgjörðum af járni og kopar hringjurnar í annarri gjörðinni, þetta allt lélegt, á 1 rd., 32 sk.; þófadýnugarmur á 10 sk. | 1 | 42 |
| Kvenþófi mjög gamall með þófaól og ístöðum og koparhringjugjörð og sessu og beisli með járnkjálkum lélegum | 1 | 80 |
| Íslenskur vefstóll með tilheyrandi | | 48 |
| Þrír klifberar, tveir brúkanlegir, einn lítt nýtur | | 24 |
| Tveir lásar, annar lítt nýtur, annar brúkanlegur | | 22 |
| 15 pallfjalir gamlar, engin lengri en 3 álnir, sumar styttri | 1 | 16 |
| Eitt túmarks borð | | 32 |
| Þrír pallstokkar og tveir júfertupartar og ein spýra | 1 | |
| Fjárhús, tekur þrjátíu kindur, lélegt að viðum | 1 | 48 |
| Annað ditto, tekur undir tuttugu, eins að viðum | 1 | |
| Geymslukofi úti á hlaðinu með hurð á járnum | 1 | |
| | | |
| Í fríðum peningi | | |
| Ein gamalkýr 16 vetra gömul, kálflaus og rétt aflóga og þríspen[a] | 9 | |
| Tvævetur kvíga með kálfi, á að bera í sumar | 12 | |
| Vetrungur eða kvíga | 5 | |
| Ær 28 með lömbum, hvör á 2 ½ rd., til samans | 70 | |
| Fjórar lamblausar á 10 merkur, til samans | 6 | 64 |
| Fimm sauðir þrevetrir, hvör á 2 ½ rd., til samans | 12 | 48 |
| Þrír sauðir tvævetrir, hvör á 2 rd., til samans | 6 | |
| Rauðblesóttur hestur 12 vetra | 9 | |
| Annar lakari, brúnn á lit, 13 vetra | 8 | |
| Húðarklár 24[ra] ára | 2 | 48 |
| Rauður færleikur, 11 vetra | 4 | 48 |
| Rauðsokkóttur færleikur, 16 vetra | 4 | |
| Eitt hesttryppi, jarpskjótt, tveggja vetra | 3 | |

[5] Leiðrétt úr „brúkaður.“

| | | |
|---|---|---|
| Summa | 212 | 69 |

Skuldir á þessu framanskrifuðu sterbúi eru nú fortaldar sem eftir fylgir:

| | | |
|---|---|---|
| Morgungjöf ekkjunnar | 20 | |
| Útfararkostnaður | 10 | |
| Til mr. Þorsteins í Holti fyrir kistusmíði | 2 | |
| Til hr. Halldórs Ámundasonar á Hjaltabakka | | 82 |
| Til hr. sýslumanns, á þingið | | |
| Til kaupmanns Schrams | | 48 |

Til uppskriftarmanna eftir hr. sýslumannsins ályktan.

Erfingjar að þessum fjármunum eru ekkjan, Steinunn Þórðardóttir, og börn hennar fimm; Jón 15 vetra, Guðrún 14 vetra, Pétur 13 vetra, Rósída 11 vetra, Steinunn 5 vetra.

Sama stað, ár og dag sem upphaflega greinir.

Þorsteinn Steindórsson, Sveinn Halldórsson

## Jón Gíslason á Húnsstöðum 1808[6]

Anno 1804, þann 17. júní, setti sýslumaður Sigurður Snorrason einn skiptarétt að heimili sínu Stóru-Giljá, til að fyrirtaka og fullgjöra regluleg arfaskipti eftir bóndann Jón Gíslason á Húnsstöðum í Torfalækjarhrepp, sem burtkallaðist sama staðar þann 3. desember næstliðið ár, og að eftir látinni ektakvinnu, Steinunni Þórðardóttur, og 5 þeirra skilgetnum börnum, nefnilega A. Jóni 15. B. Guðrún 14. C. Pétri 13. D. Rósídu 11 og Steinunni 5 ára að aldri. Fæddir forverjar og svaramenn barna þessara eru föðurbróðir þeirra, bóndinn Sveinn Gíslason á Fjalli í Vindhælisþingsókn, og móðurbróðir, silfursmiður mr. Helgi Þórðarson á Brandsstöðum í Bólstaðarhlíðarhreppi, hvörjir án nokkurrar sérdeilislegrar tilhlutunar frá yfirvaldsins síðu mæta. Á hendi og herðum liggur að taka að sér eftir innbyrðis samkomulagi forsvar barnanna og fjárvarðveislu, samt tilsjón með fé þeirra meðan þau eru hjá móðurinni, hvað nú fyrst um sinn er afráðið. Nefnt sterbú er af hreppstjórunum í Torfalækjarhrepp, Þorsteini Steindórssyni í Holti og Sveini Halldórssyni í Köldukinn, þann 13. þ.m. uppskrifað og virt og hafa þess þá fram vísaðir, fríðir og ófríðir aurar, sem þar orðrétt greinir, eftir uppskriftargjörningnum með þar á lagðri virðingu verið eftirfylgjandi, nefnilega:

| | Rd. | Sk. |
|---|---|---|
| [Í bókum | | |
| Vídalíns postilla rotin, í bandi, 1 rd.; Grallari í slæmu standi 24 sk. | 1 | 24][7] |
| [Þetta eru 114 númer og samtalan] | 212 | 69 |
| | | |
| Hér við bætist: | | |
| Peningar sem í sterfbúinu fyrirfundust | 8 | 72 |
| Jörðin Hrafnagil liggjandi í Skefilstaðaþingsókn í Skagafjarðarsýslu 10# að dýrleika, 1# á 4 rd. | 40 | |
| Sterfbúsins heila inntektar summa | 261 | 45 |

Eftirfylgjandi skuldir eru taldar á þessu sterfbúi, nefnilega:

| | | |
|---|---|---|
| Útfararkostnaður til ekkjunnar | 8 | |
| Morgungjöf | 10 | |

[6] ÞÍ. Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu ED1/1. Skiptabók 1807-1810.

[7] Þessi listi byrjar svona, á sama hátt og í uppskrift hreppstjóranna, endurtek ekki þá uppskrift enda virðist hún alveg eins. En þar á eftir er bætt við peningum (8 rd.) og jörðinni Hrafnagili.

| | | |
|---|---|---|
| Til hreppstjórans Þorsteins í Holti fyrir kistusmíði | 2 | |
| Til prestsins sr. Halldórs á Hjaltabakka | | 82 |
| Til kaupmanns Schrams | | 48 |
| Uppskriftarmannanna | | 80 |
| [Summa] | 22 | 18 |

En þótt jörðin Húnsstaðir, á hvörri Jón heitinn hafði lengi búið, ekki hafi verið úttekin, hefir þó bróðir ekkjunnar, fyrrnefndur mr. Helgi á Brandsstöðum, samið við hlutaðeigandi administrator, Björn Olsen, um 50 rd. henni til viðreistar og spjallabóta, þar jörðin tjáist í vesællegu ásigkomulagi. En þar nú ekkjan heldur fram búskap á jörðinni og fær svoleiðis tækifæri til eftir hendinni að viðrétta hana virðist ísjárvert, að öllu óskoðuðu og óreyndu, að útleggja þetta á hér sniðna[8] álagi, hvörs vegna það og niður sest til þeirrar sömu summu og jörðin er virt fyrir, og útfærist það með 40 rd. 40

| | | |
|---|---|---|
| [Summa skulda] | 62 | 18 |

Hér við bætist ennnú:
Skiptalaun af 199 rd., 2 rd.
Skattur þar af 12 ½ %, eftir tilskipan af 25. janúar 1815, 24 sk.
Fyrir skiptavotta 32 sk.
Skrifarapeningar 1 rd., 48 sk.

| | | |
|---|---|---|
| [Summa] | 4 | 8 |
| Til samans heila skuldanna summa | 66 | 26 |

Sem tekin frá sterfbúsins heilu inntektar summu leifir, sem koma til skipta milli ekkjunnar og barnanna, 195 rd., 19 sk., svarast:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ekkjunnar Steinunnar hluti verði 97 rd., 57 ½ sk. | | 97 | 57½ |
| Jóns 15 vetra, lóð 27 rd., 85 sk. | | | |
| Guðrúnar, 14 vetra 13 rd., 90 ½ sk. | | | |
| Péturs, 13 vetra 27 rd., 85 sk. | | | |
| Rósídu, 11 vetra 13 rd., 90 ½ sk. | | | |
| Steinunnar, 5 vetra 13 rd., 90 ½ sk. | [Þ.e.] | 97 | 57½ |
| [Summa] | | 195 | 19 |

Var svo þessu næst byrjað að út leggja:

Skuldirnar og þar á meðal þær undir nr. 1 til 7, incluseve, hér fyrir framan taldar sem hlaupa til 62 rd., 18 sk., hvar upp í útleggst:

| | | |
|---|---|---|
| Blátt klæðispils með sarsbrydd[ing][9] 3 rd., vættarkista með etc. 1 rd., 24 sk. | 4 | 24 |
| Nýlegur tveggja tunnu sár 1 rd., 48 sk.; tveggja fjórðunga pottur heill 1 rd. | 2 | 48 |
| Tinfat og tinkanna 1 rd., 44 sk.; 11 pund af járni, steðji 6 merkur 1 rd. 32 sk. | 2 | 56 |
| 15 pallfjalir, gamlar 1 rd., 16 sk.; fjárhús yfir 30 kindur 1 rd., 48 sk. | 2 | 64 |
| Þrír sauðir tvævetur á 15 mk. 7 rd., 48 sk.; jörðin Hrafnagil x# [hvert] # á 4 rd. [þ.e.] 40 rd. | 47 | 48 |
| Í peningum | 2 | 66 |
| [Summa] | 62 | 18 |

Skiptalaun, hækkun skrifaralauna etc. útleggst:

| | | |
|---|---|---|
| Í peningum með | 4 | 8 |

[8] Óljóst.
[9] Stendur svo.

Ekkjunnar Steinunnar hluti 97 rd., 57 ½ sk. útleggst með eftirfylgjandi, nefnilega:

| | | |
|---|---|---|
| Í bókum | | |
| Vídalínspostilla 1 rd.; Graduale í slæmu bandi 24 sk.; Gerhardi hugvekjur 32 sk. | 1 | 56 |
| Hormonía í lausu bandi 36 sk.; Hallgrímssálmar 8 sk. | | 44 |
| Í karlmannsfatnaði | | |
| Sortuð mussuföt borin 1 rd., 16 sk.; grá skinnhúfa 1 rd. | 2 | 16 |
| Skyrta hálfslitin 40 sk.; léreftsklútur blár, forn 24 sk. | | 64 |
| Blár peysugarmur 20 sk.; sortaðir sokkar brúkaðir 14 sk. | | 34 |
| Fornir vettlingar, bandagarmar og íleppar | | 12 |
| Í rúmfatnaði | | |
| Bláröndóttur léreftskoddi 64 sk.; rekkjuvoðir, brekán 1 rd., 10 sk. | 1 | 74 |
| Annað brekán með tveimur rekkjuvoðum og tveimur skinnum | 1 | |
| Tvö brekán og rekkjuvoð | 1 | 64 |
| Í kvenfatnaði | | |
| Kvenhempa forn 72 sk.; blá klæðis svinta með hnappi 1 rd., 56 sk. | 2 | 32 |
| Forn kventreyja 24 sk.; kattúns traf 48 sk. | | 72 |
| Tveir klútar bláir 48 sk.; einn ditto bláleitur 10 sk. | | 58 |
| Hálsskyrta og silki 16 sk.; koparbeltisöpr með flekkóttu bandi 36 sk. | | 52 |
| Traf brúkað 32 sk.; tveir klútar rauð- og bláleitir 64 sk. | 1 | |
| Ditto rauðröndóttur léreftsklútur | | 40 |
| Í kistum og ílátum | | |
| Vættarkista lakari 1 rd., 20 sk.; tveir pallkistlar járnalitlir 18 sk. | 1 | 38 |
| Annar tveggja tunnu sár 1 rd., 32 sk.; tunnu- og strokkskrifli 24 sk. | 1 | 56 |
| Þrjú trog matheld 84 sk.; tvær 10 marka fötur bilaðar, heldar 22 sk. | 1 | 10 |
| Þrjár fötugarmar stærri 16 sk.; sex askar allir lélegir 36 sk. | | 52 |
| Fjórar skálar af tré 16 sk.; tvær hálftunnur nýjar 32 sk. | | 48 |
| Í eldsgögnum | | |
| Annar tveggja fjórðunga pottur 60 sk.; upphár pottur, tekur fjórðung 1 rd. | 1 | 60 |
| Í ýmislegu | | |
| Reisla með steinlóði 36 sk.; langviðarsagargarmur 10 sk. | | 46 |
| Taðkláfar, páll og reka 48 sk.; þrjár hrífur, eitt orf og tvær klárur 36 sk. | | 84 |
| Fjögur pör bandreipi 1 rd., 16 sk.; tvö ditto ólarreipi og heykrókur 14 sk. | 1 | 30 |
| Í reiðtygjum | | |
| Kvenþófi mjög gamall með þófaól, ístöðum etc. | 1 | 80 |
| Íslenskur vefstóll 48 sk.; þrír klifberar, tveir brúklegir, einn lélegur 24 sk. | | 72 |
| Pallstokkar þrír; tveir júffertupartar og ein spíra | 1 | |
| Geymslukofi úti á hlaðinu með hurð á járnum | 1 | |
| Í fríðum peningi | | |
| Ein gamalkýr 9 rd.; kvíguvetrungur 5 rd. | 14 | |

| | | |
|---|---|---|
| 14 ær með lömbum, 15 mk., 35 rd.; tvær ditto lamblausar 3 rd., 37 sk. | 38 | 32 |
| Tveir sauðir tvævetrir 4 rd.; Rauðblesóttur hestur 9 rd. | 13 | |
| Húðarklár 2 rd., 48 sk.; í peningum 31 ½ sk. | 2 | 72½ |
| Gjörir hennar rétta lóð | 97 | 57½ |
| | | |
| Jóns lóð 27 rd., 85 sk. útleggst með fylgjandi, nefnilega: | | |
| Þórðarbænir 4 sk.; eitt hefti af þeim nýju Tíðindum 12 sk. | | 16 |
| Ný peysa blá, hnappalaus 1 rd., 64 sk.; rauður klæðisbolur 48 sk. | 2 | 16 |
| Lélegur hattgarmur 9 sk.; nærbuxur svartar 24 sk. | | 33 |
| Þrjár kistur stærri 1 rd.; þriðji sár tekur rúmar 2 tunnur, 86 sk. | 1 | 86 |
| Nýtt þriðja kerald 48 sk.; tvennar eskjur og 2 askar 16 sk. | | 64 |
| Hálfs fjórðungs pottur 40 sk.; annað fjárhús, tekur undir tuttugu 1 rd. | 1 | 40 |
| Kvíga tvævetur með kálfi | 12 | |
| Ein ær lamblaus 1 rd., 64 sk.; einn sauður þrévetur, 2 rd., 48 sk. | 4 | 16 |
| Einn sauður tvævetur 2 rd.; eitt hesttrippi jarpskjótt 3 rd. | 5 | |
| Í peningum | | 6 |
| Gjörir hans rétta lóð | 27 | 85 |
| | | |
| Guðrúnar lóð 13 rd., 90 ½ sk. útleggst með: | | |
| Miðvikudaga prédikanir 24 sk.; rautt klæðispils 1 rd., 64 sk. | 1 | 88 |
| Tveggja vætta kista, lamalaus 1 rd., 8 sk.; fjórar ær með lömbum 10 rd. | 11 | 8 |
| Í peningum | | 90½ |
| Gjörir hennar rétta lóð | 13 | 90½ |
| | | |
| Péturs lóð 27 rd., 85 sk. útleggst með eftirfylgjandi, nefnilega: | | |
| Kristindómur Vídalíns 16 sk.; röndóttur bolur einhnepptur 80 sk. | 1 | |
| Síðhempugarmur 24 sk.; sauðsvartir buxnagarmar 10 sk. | | 34 |
| Ljósblár peysugarmur 16 sk.; forn léreftsklútur blár 24 sk. | | 40 |
| Nýleg kista járnalaus, 1 rd., 48 sk. Tveggja fjórðunga trékerald, helt 28 sk. | 1 | 76 |
| Tveir hamrar, klaufhamar og töng 48 sk.; handexi 24 sk. | | 72 |
| Smiðjubelgur með ónýtri blístru | | 16 |
| Hnakkur lélegur með ístöðum, reiða, þófa etc. | 1 | 32 |
| Tveir lásar 22 sk.; eitt tveggja mk. borð 32 sk.; 6 ær á 15 mk., 15 rd. | 15 | 54 |
| Einn sauður þrívetur 2 rd., 48 sk.; rauðsokkóttur færleikur 4 rd. | 6 | 48 |
| | | |
| Rósídar lóð 13 rd., 90 ½ sk. útleggst með: | | |
| Síðari partur sálmabókar 36 sk.; skrínugarmur 12 sk. | | 48 |
| Þrjár hálftunnur 30 sk.; grár poki og tveir stærri úr ull 24 sk. | | 54 |
| Þófadýna 10 sk.; 2 ær á 15 mk., 5 rd. | 5 | 10 |
| Ein ær lamblaus 1 rd., 64 sk.; rauður færleikur 4 rd., 48 sk. | 6 | 16 |
| Hjá systur sinni, Steinunni | | 90½ |
| Í peningum | | 61 |
| Gjörir hennar rétta hluta | 13 | 90½ |
| | | |
| Steinunnar lóð 13 rd., 90 ½ útleggst með | | |
| Jarðabók 24 sk.; Hugvekjusálmar 6 sk. | | 30 |
| Barnaföt af raski etc. 48 sk.; barnshempa forn 26 sk. | | 74 |
| Unglings kvenkragi etc. 32 sk.; kerald stærra 26 sk. | | 58 |
| Sex fjórðunga kerald gamalt 14 sk.; tveir lambs klippingar 8 sk. | | 22 |
| Tvær ær 5 rd.; brún hestur 8 rd. | 13 | |

| | | |
|---|---|---|
| [Summa] | 14 | 88 |
| Frá tekst afreiknað útlagt sem gengur til Rósídar með | | 93½ |
| Verður eftir hennar rétti hluti | 13 | 90½ |
| | | |
| Kemur saman | 261 | 45 |

Enn framar kemur eftirfylgjandi til athuga við þessi skipti nefnilega:

Ber ekkjunni ásamt svaramanni eða lögverja að standa fyrir öllu eftir þessum skiptum útlögðu skulda útsvari til hlutaðeigenda og annast að dráttur ekki verði þar á, að ekki umkvörtun þar yfir gjörast þurfi áhrærandi fjárvarðveislu barna hennar framvegis, því jafnvel þó arfur þeirra ekki geti álitist utan eyðslufé, nema máske Jóns, að því leyti sem hann kynni dvöl fá án þess að gefa með sér, er móðurinni, ásamt með tveimur fyrstnefndum frændum barnanna, á hendur falið að hafa alla mögulega umsorgun fyrir þessara sinna barna arfs varðveislu á meðan hún hann, eins og nú er, undir höndum hefur óútsvaraðan eður óútgreiddum og gæti að hann ei eyðist úti[10] eftir tiltölu fyrir fóstur þeirra og uppeldi.

Skyldu nokkrar aðrar eða fleiri skuldir en þær eftir þessum skiptum allareiðu útlögðu upp koma og sannast upp á búið, ber ekkjunni með börnum sínum til þeirra að svara, að réttri tiltölu sérhvörs arfshæðar.

Að ekkjan svo vel eigin sem barna sinna vegna annist og beri umsorgun fyrir lagfæring og húsa viðreisn sinnar að sögn álegu[11] ábýlisjarðar, finnur skiptarétturinn því síður nauðsyn að rekja meir fyrir henni um, sem henni er falin sú skylda, sem framhaldandi búskap á jörðinni á móti að útleggja henni í því tilliti sterbúsins, en þótt lélega fasteign, Hrafnagil 40# að dýrleika.

Actum ut supra.

Sigurður Snorrason, Guðmundur Ólafsson, Þorfinnur Þórðarson

[10] Óljóst.
[11] Óljóst.